



**Alþingi - atvinnuveganefnd**  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2013  
*Mál nr. 1311006*

### **Umsögn, frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (aflahlutdeild í rækju), 153. mál**

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna um frumvarp til laga um breyting á lögum um stjórn fiskveiðar nr. 116/2006 (hlutdeildarsetning úthafs-rækju og rækju á miðunum við Snæfellsnes), þskj. 178 – 153. mál.

Samtökin skora á stjórnvöld að draga frumvarpið til baka og úthluta aflamarki í úthafs-rækju til handhafa aflahlutdeilda í úthafs-rækju á grundvelli gildandi laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Frumvarp þetta er með öllu óþarft, enda taka lög um stjórn fiskveiða á þessu verkefni að öllu leyti.

Lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 byggja á þeirri meginreglu að aflahlutdeild ráði því aflamarki sem skip má veiða á hverju fiskveiðiári, sbr. 2. mgr. 8. gr. laganna. Aflahlutdeild myndar grunn að stjórn fiskveiða og styður við langtímasjónarmið við ábyrga nýtingu fiskistofna og fyrirsjáanleika við rekstur sjávarútvegsfyrirtækja.

Tekið er undir þetta sjónarmið í almennum athugasemdum með frumvarpinu: "Með hliðsjón af markmiðum laga um stjórn fiskveiða þykir eðlilegt að taka annars vegar ríkt tillit til þeirra sem ráða yfir fyrri hlutdeildum í úthafs-rækju, ekki síst í því ljósi að ella væri grafið mjög undan þeirri langtímahugsun sem er aðalsmerki hlutdeildarkerfisins." Mikilvægt er að stjórnvöld standa vörð um gildandi lagareglur og ekki síst þessa grundvallarreglu laga um stjórn fiskveiða, eins og ráða má af núverandi stefnuyfirlýsingu núverandi stjórnvalda um að grundvöllur fiskveiðistjórnunar verði aflamarskerfi.

Aflahlutdeildarkerfi hefur verið við lýði við úthafs-rækjuveiðar frá árinu 1988 og hafa aðilar fjárfest í aflahlutdeildum í úthafs-rækju í trausti þess að geta nýtt þær við veiðar. Veiðar á úthafs-rækju voru takmarkaðar fyrir setningu laga nr. 38/1990 og á ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða því ekki við um ákvörðun aflahlutdeildar fyrir þá tegund. Samkvæmt gildandi lögum þá ber stjórnvöldum að miða aflamark í úthafs-rækju við gildandi aflahlutdeild verði veiðar á úthafs-rækju takmarkaðar á ný.

Samtökin benda á að enda þótt að veiðar á úthafs-rækju hafi verið undir sérstakri stjórn ráðherra með tímabundnum hætti, þá höfðu þær ráðstafanir engin áhrif á tilvist

eða stjórnskipulega vernd aflahlutdeilda í úthafsrækju. Þeir aðilar sem að hafa stundað veiðar á úthafsrækju undanfarin þrjú ár, án þess að eiga aflahlutdeild í úthafsrækju, hafa engan vegin geta vænst þess eða verið í góðri trú um að geta stundað veiðar á úthafsrækju með þeim hætti til framtíðar litið.

Um önnur atriði í frumvarpinu þá telja samtökin telja sérstakt að leggja til ákvæði til bráðabirgða við lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, þegar liggur fyrir í athugasemdum við frumvarpið að um varanlega úthlutun aflahlutdeildar sé að ræða, en ekki ákvörðun til fiskveiðiársins 2013/2014.

Frá árinu 1994 var framlegð af rækjuveiðum og vinnslu góð en verulega dró úr hagnaði eftir 1999 og frá 2004 hefur verið tap af útgerð úthafsrækju. Veiðar hafi almennt stöðvað 2005 og vinnslu rækju hætt árið 2007. Veiðar á úthafsrækju byrjuðu aftur að einhverju leyti á árinu 2009, en rækjuvinnsla byggir að meginhluta á innfluttri rækju. Sem dæmi má nefna að flutt voru inn 24.817 tonn árið 2010, en árið 2013 voru flutt inn 13.912 tonn af rækju til vinnslu. Samtökin eru ekki sammála mati frumvarpshöfunda á áhrifum þess. Það er augljóst að með því að fjölga aðilum við rækjuveiðar er verið að auka kostnað verulega sem og að minnka umtalsvert hagkvæmni við veiðar á úthafsrækju. Þannig er verið að gera það í raun ómögulegt að rækjuveiðar standi nokkurn tímann undir sér með sjálfbærum hætti.

Veiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunarinnar í úthafsrækju fyrir fiskveiðiárið 2013/2014 er 5.000 tonn og rækju við Snæfellsnes 950 tonn. Það liggur því fyrir að veiðiráðgjöfin í rækju stendur varla undir rekstri nema fáeinna skipa. Ef frumvarpið verður að lögum, þá munu augljóslega verða alltof mörg skip sem munu að öllum líkindum tapa á rækjuveiðunum með tilheyrandi neikvæðum afleiðingum. Frumvarpið stuðlar þannig ekki að stöðugu rekstrarumhverfi og hagkvæmar veiðar sem leiða til mest afraksturs fyrir þjóðarbúið.

Breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu verða að taka mið af stjórnarskrárvörðum réttindum núverandi handhafa aflaheimilda samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar, svo og sjónarmiðum um stjórnskipulegt meðalhóf, réttmætar væntingar og réttaröryggi. Verði frumvarpið að lögum þá felur það í sér að tilfærslu aflahlutdeildar frá núverandi handhöfum yfir til þeirra sem hafa stundað veiðar síðastliðin þrjú ár. Þannig er ekki aðeins um skerðingu og takmörkun á stjórnarskrárvörðum atvinnuréttindum að ræða, heldur aðgerð sem má jafna til eignarnáms.

Samtökin leggja því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga. Það er með öllu óþarft og mun að öllum líkindum varða íslenska ríkinu skaðabótaskyldu.

Virðingarfyllt,



Kolbeinn Árnason,  
framkvæmdastjóri LÍÚ